

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarkauptún,
nr. 303 21. nóvember 1969.

1. gr.

Hafnargjöld samkvæmt VII. kafla reglugerðarinnar hækka um 17% (seytján af hundraði).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. maí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

19. apríl 1971.

Nr. 84.

AUGLÝSING

um útgáfu 5000 króna seðils, samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands
og lögum um gjaldmiðil Íslands.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 10 frá 29. marz 1961 um Seðlabanka Íslands og í lögum um gjaldmiðil Íslands nr. 22 frá 23. apríl 1968, mun Seðlabankinn hinn 30. apríl n. k. gefa út 5000 króna seðil með svofelldri gerð:

Stærð seðilsins er 160×70 mm og er aðallitur hans brúnn.

Efst á framhlið seðilsins fyrir miðju er prentað: „Seðlabanki Íslands“, en þar fyrir neðan er prentað í tveim línum „Fimm þúsund krónur“ og þar undir í einni línu „Samkvæmt lögum nr. 10 29. marz 1961“. Fyrir neðan koma undirskriftir tveggja af þrem bankastjórum Seðlabankans. Talan 5000 er prentuð í bæði efri horn seðilsins og í neðra hægra horn hans. Númer hvers seðils er skráð vinstra megin ofan til og hægra megin neðan til, en fyrir framan hvort númer er skráð G. Til vinstri á framhlið er brjóstmynd af Einari Benediktssyni, skáldi, og er nafn hans prentað smáu letri hægra megin við hana. Fyrir miðju er mynd af rafstöðinni við Írafoss, en á hægri hlið seðilsins er vatnsmerki með mynd Sveins Björnssonar, forseta.

Málþráður gengur lóðréttur í gegnum seðilinn til vinstri við miðju framhliðar hans.

Á bakhlið seðilsins er mynd af Dettifossi, auk þess sem talan 5000 er skráð í efra vinstra horn og neðra hægra horn hans.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 19. apríl 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Dórhallur Ásgeirsson.